

Eineltisáætlun Heilsuleikskólans Kærabæjar (Nemendur)

Hvað er einelti? Einelti felur í sér að einstaklingur er tekinn fyrir af einum eða hópi með stríðni, niðrandi ummælum eða sögusögnum, andlegri kúgun og hótunum af ýmsu tagi, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun. Hegðunin er meiðandi, særandi eða niðurlægjandi fyrir þann sem fyrir henni verður og til þess fallin að mismuna, ógna, útiloka og valda vanlíðan hjá þeim sem hegðunin beinist að. Viðkomandi á erfitt með að verjast. Til að hægt sé að tala um einelti þarf hegðunin að vera síendurtekin og standa yfir í einhvern tíma. Ef barn er lagt í einelti líður ekki langur tími áður en því fer að líða illa, verður óttaslegið, öryggislaust, einmana og á varðbergi. Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif og á aldrei að líðast. Eineltisáætlunin byggir á forvörnum, inngripum og eftirfylgd.

Forvarnir:

Í leikskóla eru forvarnir mjög stór þáttur og gríðarlega mikilvægur. Hér kemur upptalning á því sem Heilsuleikskólinn Kærabær telur vera forvarnir gegn einelti:

- Viðhorfavinna, vinna gegn fordómum heima og í skóla, hugarfarsbreyting!
- Vinátta, gleði, virðing
- Skólabragur einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Agastefna.
- Jafnréttisáætlun.
- Heimsókn persónubruða og Engilráðar, skipulagðar stundir þar sem lögð er áhersla á að kynna rétt barna ásamt því að efla vináttu og virðingu gagnvart öðrum, vináttuverkefnið Fri for Mobberi.
- Árleg fræðsla og umræður starfsfólks, sjálfsmat.
- Skipulögð félagsfærniþjálfun, samvinnuleikir o.fl.
- Reglulegt mat á líðan og félagsfærni barna (haust- og vorönn). (gert fyrir foreldraviðtöl að hausti og vori).
- Tengslakönnun meðal barna.
- Tengslakönnun meðal starfsmanna og barna.

- Eftirfylgni með mati á líðan barna í skólanum.
- Gott foreldrasamstarf sem byggist á trausti, heiðarleika og góðu upplýsingaflæði.
- Skýrir verkferlar, skráningar og samstarf.

Inngrip:

- Allar ábendingar eða vísbendingar um einelti eru teknar alvarlega, ef barn kvartar um að líða illa í barnahópnum er næg ástæða til aðgerða. Ábendingar geta komið frá foreldrum, starfsfólki eða öðrum börnum.
- Málinu er vísað til deildarstjóra.
- Leikskólastjóra er tilkynnt um málið.
- Deildarstjóri og/eða sérkennslustjóri kannar málið með óformlegum hætti, fylgist með samskiptum barna, ræðir við viðkomandi börn og/eða barnahópa.
- Deildarstjóri í samráði við leikskólastjóra og eða sérkennslustjóra býr til áætlun um úrvinnslu og stuðning við alla aðila og deilir út verkefnum. Starfsfólk deildarinnar haft með í ráðum og gjörðum.
- Deildarstjóri hefur gott samstarf við foreldra viðkomandi barna og veitir góða upplýsingagjöf um hvar málið er stadd. Hann tilkynnir foreldrum þegar máli er lokið af hálfu leikskólans og upplýsir með hvaða hætti verður staðið að eftirfylgd.
- Sé þörf á leitar leikskólinn aðstoðar sérfræðinga hjá Félag- og Skólalþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.
- Skráningar eru mjög mikilvægar í öllu ferlinu s.s. viðtölum, athugunum og öðru sem tilheyrir málinu.

Eftirfylgd:

- Deildarstjóri gerir áætlun um eftirfylgd eftir að inngripi lýkur í samráði við starfsfólk deildarinnar, foreldra og stjórnendur leikskólans. Þar er sjónum beint að því að sá sem einelti beinist að og eins sá/þeir sem fyrir eineltinu stóðu fá skipulegan stuðning og aðhald svo lengi sem ástæða er til.
- Deildarstjóri eða aðili sem hann hefur útnefnt hefur áfram samráð við foreldra viðkomandi barna á meðan eftirfylgd stendur.
- Málinu lokað með formlegum hætti.